

- b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja endurskoðaða samþykkt öðlast gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni að því er varðar þau aðildarríki sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju endurskoðuðu samþykkt.

19. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

new revising Convention shall have come into force;

- (b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 19

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

AUGLÝSING

um samning sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 26. maí 2000 var ráði Evrópusambandsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna sem gerður var í Brussel 18. maí 1999. Alþingi hafði með ályktun 22. mars 2000 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samþykktina. Samningurinn öðlaðist gildi 26. júní 2000.

Meginmál samningsins er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Viðaukar við samninginn eru birtir sem fylgiskjal með auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 49/2000.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 28. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

AGREEMENT

concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the Latter's Association with the Implementation, Application and Development of the Schengen Aquis

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
og
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND OG
KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION
and
THE REPUBLIC OF ICELAND and
THE KINGDOM OF NORWAY,

PAR EÐ frá því að Lúxemborgarsamningurinn á milli hinna þrettán aðildarríkja Evrópusambandsins, sem hafa undirritað Schengen-samningana, og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs var undirritaður 19. desember 1996 hafa tvö síðarnefndu ríkin tekið þátt í umræðunum um beitingu, framkvæmd og frekari þróun Schengen-samninganna og ákvæða sem tengjast þeim,

PAR EÐ bókunin, sem fellir Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins og sett var í viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins með Amsterdam-sáttmálanum sem breytir sáttmálanum um Evrópusambandið, stofnsáttmálum Evrópubandalaganna og tilteknum gerðum sem tengjast þeim (hér á eftir nefnd „Schengen-bókunin“), hefur í för með sér að samstarf á milli aðildarríkja Evrópusambandsins, sem hafa undirritað Schengen-samningana, innan gildissviðs þeirra samninga og ákvæða sem tengjast þeim, mun fara fram innan stofnana- og lagaramma Evrópusambandsins og að virtum viðeigandi ákvæðum sáttmálans um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

MINNAST ÞESS að markmið og tilgangur Lúxemborgarsamningsins er að halda því fyrirkomulagi sem fyrir er milli hinna fimm norrænu ríkja samkvæmt samningi um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna sem var undirritaður í Kaupmannahöfn 12. júlí 1957, þar sem Norræna vegabréfasambandinu var komið á fót, þegar þau norrænu ríki, sem eru aðilar að Evrópusambandinu, taka upp fyrirkomulagið um afnám eftirlits með fólki á innri landamærum sem kveðið er á um í Schengen-samningunum,

HAGA Í HUGA ákvæðin sem mælt er fyrir um í Lúxemborgarsamningnum,

VIÐURKENNA engu að síður að með því að fella Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins er ákvarðanataka um frekari þróun ákvæða Schengen-gerðanna færð til Evrópusambandsins og þar með Evrópubandalagsins,

PAR EÐ það er vilji Evrópusambandsins, og þar með Evrópubandalagsins, skv. 1. mgr. 6. gr. Schengen-bókunarinnar að virða og þjóna markmiðum og tilgangi Lúxemborgarsamningsins með samningi sem, við gildistöku Amsterdam-sáttmálans, tengir lýðveldið Ísland og konungsríkið

WHEREAS since the signature of the Agreement of Luxembourg of 19 December 1996 between the thirteen Member States of the European Union, signatories to the Schengen agreements and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, the latter two States have been participating in the discussions concerning the application, implementation and further development of the Schengen agreements and related provisions;

WHEREAS as a result of the Protocol integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union, annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community by the Treaty of Amsterdam amending the Treaty on European Union, the Treaties establishing the European Communities and certain related Acts (hereinafter referred to as “the Schengen Protocol”), the co-operation among the Member States of the European Union signatories to the Schengen agreements within the scope of those agreements and related provisions will be conducted within the institutional and legal framework of the European Union and with respect for the relevant provisions of the Treaty on European Union and of the Treaty establishing the European Community;

RECALLING the object and purpose of the Agreement of Luxembourg to preserve the existing regime between the five Nordic States pursuant to the Convention on the Abolition of Passport Controls at Intra-Nordic borders signed in Copenhagen on 12 July 1957, establishing the Nordic Passport Union, once those of the Nordic States which are Members of the European Union take part in the regime on the abolition of checks on persons at internal borders set out in the Schengen agreements;

BEARING IN MIND the provisions laid down in the Agreement of Luxembourg;

RECOGNISING, however, that the integration of the Schengen acquis into the framework of the European Union implies that the taking of decisions purporting to further develop the provisions constituting the Schengen acquis has become a matter for the European Union, including the European Community;

WHEREAS according to Article 6, first paragraph, of the Schengen Protocol, the European Union, including the European Community, wishes to respect and serve the object and purpose of the Agreement of Luxembourg through an Agreement associating the Republic of Iceland

Noreg framkvæmd Schengen-gerðanna og frekari þróun þeirra á grundvelli Lúxemborgarsamningsins sem tryggir það sameiginlega markmið að þessi tvö ríki taki áfram þátt í þessu starfi,

ERU SANNFÆRÐ um nauðsyn þess að allir aðilar, sem beita ákvæðum Schengen-gerðanna og geta síðar þurft að hlíta því að ákvæðunum, eins og þau eru á hverjum tíma, verði beitt gagnvart þeim, lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur þar með talin, taki á viðeigandi hátt, á hvaða vettvangi sem er, þátt í umræðum um beitingu þeirra í reynd, framkvæmd þeirra og undirbúning að frekari þróun þeirra,

ÁLÍTA að í því augnamiði sé nauðsynlegt að mynda skipulagseiningu utan stofnanaramma Evrópusambandsins sem tryggi þátttöku lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs í ferlinu við ákvarðanatöku á þessum sviðum og geri þeim kleift að taka þátt í þessu starfi í samsettri nefnd, og

Hafa ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur, hér á eftir nefnd „Ísland“ og „Noregur“, skulu taka þátt í starfi Evrópubandalagsins og Evrópusambandsins á þeim sviðum sem ákvæðin, sem um getur í viðaukum A og B við þennan samning, ná yfir, eins og þau eru á hverjum tíma.

Með þessum samningi skapast gagnkvæm réttindi og skyldur í samræmi við þá málsmæðferð sem hér er ákveðin.

2. gr.

1. Ísland og Noregur skulu koma í framkvæmd og beita ákvæðum Schengen-gerðanna sem talin eru upp í viðauka A við þennan samning, á sama hátt og þau eiga við um aðildarríki Evrópusambandsins, hér á eftir nefnd „aðildarríkin“, sem taka þátt í hinu nánara samstarfi á grundvelli Schengen-bókunnarinnar.
2. Ísland og Noregur skulu koma í framkvæmd og beita ákvæðum gerða Evrópubandalagsins sem eru talin upp í viðauka B við þennan samning, að því marki sem þau hafa komið í staðinn fyrir samsvarandi ákvæði samningsins, sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990, um framkvæmd samkomulagsins um

and the Kingdom of Norway, upon the entry into force of the Treaty of Amsterdam, with the implementation of the Schengen acquis and its further development on the basis of the Agreement of Luxembourg, thus ensuring the common objective of continuing the involvement of these two States in these activities;

CONVINCED of the need to involve all parties in an appropriate fashion which are applying the provisions constituting the Schengen acquis and to which such provisions and their further development may eventually have to apply, including the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, in discussions, at all levels, concerning their practical application, their implementation and the preparation of their further development;

CONSIDERING that for this purpose it is necessary to set up an organisational structure, outside the institutional framework of the European Union, ensuring the association of the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway with the decision-making process in these fields and enabling their participation in these activities through a Mixed Committee,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

The Republic of Iceland and the Kingdom of Norway hereinafter referred to as “Iceland” and “Norway” respectively shall be associated with the activities of the European Community and the European Union in the fields covered by the provisions referred to in Annexes A and B to this Agreement and their further development.

This Agreement creates reciprocal rights and obligations in accordance with the procedures set out herein.

Article 2

1. The provisions of the Schengen acquis as listed in Annex A to this Agreement as they apply to the Member States of the European Union hereinafter referred to as the “Member States” which participate in the closer co-operation authorised by the Schengen Protocol, shall be implemented and applied by Iceland and Norway.
2. The provisions of the acts of the European Community listed in Annex B to this Agreement, to the extent that they have replaced corresponding provisions of, or adopted pursuant to, the Convention signed in Schengen on 19 June 1990 implementing the Agreement on the gradual abolition of checks at the

afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum, eða ákvæði sem samþykkt eru samkvæmt honum.

3. Ísland og Noregur skulu enn fremur samþykkja, koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum Evrópusambandsins sem breyta eða bætast við þau ákvæði sem um getur í viðaukum A og B og falla undir málsmæðferðina sem kveðið er á um í þessum samningi, sbr. þó 8. gr.

3. gr.

1. Hér með er komið á fót samsettri nefnd sem skipuð er fulltrúum ríkisstjórna Íslands og Noregs, og þeim sem sæti eiga í ráði Evrópusambandsins, hér á eftir nefnt „ráðið“, og í framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin“.
2. Samsetta nefndin skal samþykkja samhljóða reglur um málsmæðferð.
3. Samsetta nefndin skal halda fundi að frumkvæði forseta hennar eða að ósk einhvers nefndarmanna.
4. Með fyrirvara um 2. mgr. 4. gr. skal samsetta nefndin koma saman á vettvangi ráðherra, háttsettra embættismanna eða sérfræðinga, eftir því sem aðstæður krefjast.
5. Embætti forseta samsettu nefndarinnar skal skipa:
 - á vettvangi sérfræðinga: fulltrúi Evrópusambandsins;
 - á vettvangi háttsettra embættismanna og ráðherra: til skiptis, til sex mánaða í senn, fulltrúi Evrópusambandsins og fulltrúi ríkisstjórnar Íslands eða Noregs.

4. gr.

1. Samsetta nefndin skal, í samræmi við þennan samning, fjalla um öll málefni sem falla undir 2. gr. og tryggja að hvert það atriði, sem Ísland og Noregur láta sig varða, fái tilhlýðilega umfjöllun.
2. Á vettvangi ráðherra í samsettu nefndinni skulu fulltrúar Íslands og Noregs eiga þess kost:
 - að útskýra vandamál sem fyrir þeim verða að því er varðar tiltekna gerð eða ráðstöfun eða taka afstöðu til vandamála sem aðrar sendinefndir standa frammi fyrir;
 - að skýra frá sjónarmiðum sínum í sérhverju álitamáli er viðvíkur þróun eða framkvæmd ákvæða sem þá varða.

common borders, shall be implemented and applied by Iceland and Norway.

3. The acts and the measures taken by the European Union amending or building upon the provisions referred to in Annexes A and B, to which the procedures set out in this Agreement have been applied, shall also, without prejudice to Article 8, be accepted, implemented and applied by Iceland and Norway.

Article 3

1. A Mixed Committee is hereby established, consisting of representatives of the governments of Iceland and Norway, the members of the Council of the European Union, hereinafter referred to as the “Council”, and of the Commission of the European Communities, hereinafter referred to as the “Commission”.
2. The Mixed Committee shall adopt its own Rules of Procedure by consensus.
3. The Mixed Committee shall meet at the initiative of its President or at the request of any of its members.
4. Subject to Article 4(2), the Mixed Committee meets at the level of Ministers, senior officials or experts, as circumstances require.
5. The office of President of the Mixed Committee shall be held:
 - at the level of experts: by the representative of the European Union;
 - at the level of senior officials and Ministers: alternately, for a period of six months by the representative of the European Union and by the representative of the government of Iceland or Norway.

Article 4

1. The Mixed Committee shall address, in accordance with this Agreement, all matters covered by Article 2 and shall ensure that any concern entertained by Iceland and Norway is duly considered.
2. In the Mixed Committee at the ministerial level, the representatives of Iceland and Norway shall have the opportunity:
 - to explain the problems they encounter in respect of a particular act or measure or to respond to the problems encountered by other delegations;
 - to express themselves on any questions concerning the development of provisions of concern to them or the implementation thereof.

3. Samsetta nefndin á vettvangi háttsettra embættismanna skal undirbúa fundi nefndarinnar á vettvangi ráðherra.
4. Fulltrúar ríkisstjórna Íslands og Noregs skulu hafa rétt til að setja fram hugmyndir í samsettu nefndinni varðandi málefnið sem um getur í 1. gr. Að loknum umræðum er framkvæmdastjórninni eða sérhverju aðildarríki heimilt að taka þessar hugmyndir til umfjöllunar í því augnamiði að leggja fram tillögu um eða eiga frumkvæði að, í samræmi við reglur Evrópusambandsins, samþykkt gerðar eða ráðstöfunar Evrópubandalagsins eða Evrópusambandsins.

5. gr.

Með fyrirvara um 4. gr. skal tilkynna samsettu nefndinni um allar gerðir eða ráðstafanir sem eru í undirbúningi í ráðinu og kunna að varða þennan samning.

6. gr.

Þegar gerð eru drög að nýrri löggjöf á sviði sem fellur undir þennan samning skal framkvæmdastjórnin leita ráða með óformlegum hætti hjá sérfræðingum Íslands og Noregs á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkjanna við gerð tillagna sinna.

7. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að gera þurfi viðeigandi samkomulag um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju af aðildarríkjunum eða á Íslandi eða í Noregi. Þetta samkomulag þarf að vera frágengið þegar ákvæðin, sem um getur í viðauka A og viðauka B, svo og ákvæði sem þegar hafa verið samþykkt skv. 3. mgr. 2. gr., koma til framkvæmda gagnvart Íslandi og Noregi í samræmi við 4. mgr. 15. gr.

8. gr.

1. Samþykkt nýrra gerða eða ráðstafana, sem tengjast þeim málefnum sem um getur í 2. gr., skal alfarið vera í höndum þar til bærri stofnana Evrópusambandsins. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu þessar gerðir eða ráðstafanir öðlast gildi samtímis að því er Evrópusambandið og hlutaðeigandi aðildarríki þess varðar og að því er Ísland og Noreg varðar, nema skýrt sé kveðið á um annað í þessum gerðum eða ráðstöfunum. Taka skal, að því er þetta varðar, tilhlýðilegt tillit til þess tíma sem

3. Meetings of the Mixed Committee at ministerial level shall be prepared by the Mixed Committee at the level of senior officials.
4. The representatives of the governments of Iceland and Norway shall have the right to make suggestions in the Mixed Committee relating to the matters mentioned in Article 1. After discussion, the Commission or any Member State may consider such suggestions with a view to making a proposal or taking an initiative, in accordance with the rules of the European Union, for the adoption of an act or measure of the European Community or the European Union.

Article 5

Without prejudice to Article 4, the Mixed Committee shall be informed about the preparation within the Council of any acts or measures which may be relevant to this Agreement.

Article 6

When drafting new legislation in a field which is covered by this Agreement, the Commission shall informally seek advice from experts of Iceland and Norway in the same way as it seeks advice from experts of the Member States for drawing up its proposals.

Article 7

The Contracting Parties agree that an appropriate arrangement should be concluded on the criteria and mechanisms for establishing the State responsible for examining a request for asylum lodged in any of the Member States or in Iceland or Norway. Such an arrangement should be in place at the time the provisions referred to in Annex A and Annex B, as well as those already adopted pursuant to Article 2(3), are put into effect for Iceland and Norway in accordance with Article 15(4).

Article 8

1. The adoption of new acts or measures related to matters referred to in Article 2 shall be reserved to the competent institutions of the European Union. Subject to paragraph 2, such acts or measures shall enter into force simultaneously for the European Union and its Member States concerned and for Iceland and Norway, unless those acts or measures explicitly state otherwise. In this context, due account shall be taken of the time indicated by Iceland or Norway in the Mixed Com-

Ísland og Noregur greina samsettu nefndinni frá að þau þurfi til að uppfylla stjórnskipuleg skilyrði sín.

2. a) Ráðið skal tilkynna Íslandi og Noregi án tafar um samþykkt gerða eða ráðstafana sem um getur í 1. mgr. og farið hefur verið með samkvæmt þeim málsmæðferðarreglum sem settar eru í þessum samningi. Ísland og Noregur skulu, hvort í sínu lagi, ákveða hvort þau samþykkja efni þeirra og taka þær upp í landsrétt sinn. Þessar ákvarðanir skulu tilkynntar ráðinu og framkvæmdastjórninni innan þrjátíu daga frá samþykkt viðkomandi gerða eða ráðstafana.
- b) Ef efni slíkrar gerðar eða ráðstöfunar getur ekki orðið bindandi fyrir Ísland fyrir en stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Ísland gera ráðinu og framkvæmdastjórninni grein fyrir því þegar Ísland sendir tilkynningu sína. Þegar öll stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Ísland þegar í stað gera ráðinu og framkvæmdastjórninni skriflega grein fyrir því og upplýsa þetta eigi síðar en fjórum vikum fyrir daginn sem mælt er fyrir um að gerðin eða ráðstöfunin öðlist gildi að því er Ísland varðar, eins og ákveðið hefur verið skv. 1. mgr.
- c) Ef efni slíkrar gerðar eða ráðstöfunar getur ekki orðið bindandi fyrir Noreg fyrir en stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Noregur gera ráðinu og framkvæmdastjórninni grein fyrir því þegar Noregur sendir tilkynningu sína. Þegar öll stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Noregur þegar í stað gera ráðinu og framkvæmdastjórninni skriflega grein fyrir því og eigi síðar en sex mánuðum frá því að tilkynning ráðsins berst. Frá þeim degi sem mælt er fyrir um að gerðin eða ráðstöfunin öðlist gildi að því er Noreg varðar og þar til upplýst hefur verið að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt skal Noregur, eftir því sem unnt er, beita efni gerðarinnar eða ráðstöfunarinnar til bráðabirgða.
3. Samþykki Íslands og Noregs á efni gerða og ráðstafana, sem um getur í 2. mgr., skapar réttindi og skyldur milli Íslands og Noregs svo og milli Íslands og Noregs annars vegar og Evrópubandalagsins og þeirra aðildarríkja þess, sem eru bundin af viðkomandi gerðum og ráðstöfunum, hins vegar.

mittee as the time necessary to enable Iceland or Norway to fulfil their constitutional requirements.

2. (a) The adoption of the acts or measures referred to in paragraph 1 to which the procedures set out in this Agreement have been applied, shall be notified immediately by the Council to Iceland and Norway. Iceland and Norway shall decide independently whether to accept their content and to implement it into their internal legal order. These decisions shall be notified to the Council and to the Commission within thirty days of the adoption of the acts or measures concerned.
- (b) If the content of such an act or measure can become binding on Iceland only after the fulfilment of constitutional requirements, Iceland shall inform the Council and the Commission of this at the time of its notification. Iceland shall promptly inform the Council and the Commission in writing upon fulfilment of all constitutional requirements, and shall provide such information no later than four weeks before the date laid down for the entry into force of the act or measure for Iceland, as decided according to paragraph 1.
- (c) If the content of such an act or measure can become binding on Norway only after the fulfilment of constitutional requirements, Norway shall inform the Council and the Commission of this at the time of its notification. Norway shall promptly, and at the latest six months from notification by the Council, inform the Council and the Commission in writing upon fulfilment of all constitutional requirements. From the date laid down for the entry into force of the act or measure for Norway and until the information upon fulfilment of constitutional requirements, Norway shall provisionally apply, where possible, the content of such act or measure.
3. The acceptance by Iceland and Norway of the content of acts and measures referred to in paragraph 2 shall create rights and obligations between Iceland and Norway, and between Iceland and Norway on the one hand, and the European Community and those of its Members States bound by those acts and measures, on the other hand.

4. Í þeim tilvikum þegar

- a) annaðhvort Ísland eða Noregur tilkynnir þá ákvörðun sína að samþykkinga ekki efni gerðar eða ráðstöfunar sem um getur í 2. mgr. og farið hefur verið með samkvæmt þeim málsmæðferðarreglum sem settar eru í þessum samningi; eða
- b) annaðhvort Ísland eða Noregur sendir ekki tilkynningu innan þeirra þrjátíu daga tíma-marka sem sett eru í a-lið 2. mgr.; eða
- c) Ísland sendir ekki tilkynningu fyrir fjögurra vikna tímamörkin sem sett eru í b-lið 2. mgr. fyrir þann dag sem mælt er fyrir um að viðkomandi gerð eða ráðstöfun öðlist gildi að því er Ísland varðar; eða
- d) Noregur sendir ekki tilkynningu innan þeirra sex mánaða tímamarka sem sett eru í c- lið 2. mgr. eða gerir ekki ráðstafanir til beitingar til bráðabirgða, eins og gert er ráð fyrir í sama lið, frá þeim degi að telja sem mælt er fyrir um að viðkomandi gerð eða ráðstöfun öðlist gildi að því er Noreg varðar;

telst samningi þessum slitið að því er varðar Ísland eða Noreg, eftir því sem við á, nema samsetta nefndin, að lokinni ítarlegri könnun á leiðum til að halda samningnum áfram, ákveði annað innan níutíu daga. Slit þessa samnings öðlast gildi þremur mánuðum eftir að níutíu daga tímabilinu lýkur.

9. gr.

1. Til að ná því markmiði samningsaðila að ná eins samræmdri beitingu og túlkun og unnt er á ákvæðunum sem um getur í 2. gr. skal samsetta nefndin fylgjast stöðugt með dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna, hér á eftir nefndur „dómstóllinn“, og einnig dómaframkvæmd þar til bærra dómstóla Íslands og Noregs varðandi slík ákvæði. Í þessu augnamiði skal koma á sérstöku fyrirkomulagi til að tryggja reglubundna og gagnkvæma miðlun þessarar dómaframkvæmdar.
2. Með fyrirvara um samþykkt nauðsynlegra breytinga á samþykktum dómstólsins skulu Ísland og Noregur eiga rétt á að leggja greinargerð eða skriflegar athugasemdir fyrir dómstólinn í málum sem dómstóll aðildarríkis hefur vísað til hans til að fá forúrskurð um túlkun ákvæðis sem um getur í 2. gr.

4. In case:

- (a) either Iceland or Norway notifies its decision not to accept the content of an act or measure referred to in paragraph 2 and to which the procedures set out in this Agreement have been applied; or
- (b) either Iceland or Norway does not make a notification within the thirty days time limit set out in paragraph 2 (a); or
- (c) Iceland does not make a notification prior to the four weeks time limit set out in paragraph 2(b) before the date laid down for the entry into force of the act or measure concerned for it; or
- (d) Norway does not make a notification within the six month time limit set out in paragraph 2(c) or does not provide for provisional application as envisaged in the same subparagraph from the date laid down for the entry into force of the act or measure concerned for it;

this Agreement shall be considered terminated with respect to Iceland or Norway, as the case may be, unless the Mixed Committee, after a careful examination of ways to continue the Agreement, decides otherwise within ninety days. Termination of this Agreement shall take effect three months after the expiry of the ninety days period.

Article 9

1. In order to achieve the objective of the Contracting Parties to arrive at as uniform an application and interpretation as possible of the provisions referred to in Article 2, the Mixed Committee shall keep under constant review the development of the case law of the Court of Justice of the European Communities, hereinafter referred to as the “Court of Justice”, as well as the development of the case law of the competent courts of Iceland and Norway relating to such provisions. To this end a mechanism shall be set up to ensure regular mutual transmission of such case law.
2. Subject to the adoption of the necessary modifications to the Statute of the Court of Justice, Iceland and Norway shall be entitled to submit statements of case or written observations to the Court of Justice in cases where a question has been referred to it by a court or tribunal of a Member State for a preliminary ruling concerning the interpretation of any provision referred to in Article 2.

10. gr.

1. Ísland og Noregur skulu árlega gefa samsettu nefndinni skýrslu þar sem fram kemur hvernig stjórnvöld þeirra og dómstólar hafa beitt og túlkað ákvæðin sem um getur í 2. gr. og, ef við á, eins og dómstóllinn hefur túlkað þau.
2. Ef samsetta nefndin hefur ekki getað tryggt samræmda beitingu og túlkun innan tveggja mánaða frá því að athygli hennar er vakin á verulegum mun á dómaframkvæmd dómstólsins og dómstóla Íslands eða Noregs eða verulegum mun á beitingu yfirvalda viðkomandi aðildarríkja annars vegar og Íslands eða Noregs hins vegar, að því er varðar ákvæðin sem um getur í 2. gr., skal málsmeðferð skv. 11. gr. koma til framkvæmda.

11. gr.

1. Rísi ágreiningur um beitingu þessa samnings, eða komi þær aðstæður upp sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr., skal setja málið opinberlega á dagskrá fundar samsettu nefndarinnar á vettvangi ráðherra sem ágreiningsmál.
2. Samsetta nefndin skal hafa níutíu daga til að leysa ágreininginn frá þeim degi að telja sem dagskráin, sem ágreiningsmálið hefur verið sett á, er samþykkt.
3. Geti samsetta nefndin ekki leyst ágreininginn á því níutíu daga tímabili sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. skal bætt við þrjátíu dögum til að finna endanlega lausn.

Fáist engin endanleg lausn telst samningnum slitið að því er varðar Ísland eða Noreg, eftir því hvort ríkið ágreiningurinn varðar. Samningsslitin öðlast gildi sex mánuðum eftir að þrjátíu daga fresturinn rennur út.

12. gr.

1. Ísland og Noregur skulu á hverju ári leggja til fjárlaga Evrópubandalaganna vegna rekstrar-kostnaðar við beitingu þessa samnings fjárhæð sem nemur:
 - 0,1% fyrir Ísland
 - 4,995% fyrir Noreg
 af 300 000 000 BEF (eða samsvarandi fjárhæð í evrum) með fyrirvara um árlega aðlögun með tilliti til verðbólgu í Evrópusambandinu.

Ef til þess er ætlast að hlutaðeigandi aðildar-

Article 10

1. Iceland and Norway shall submit reports annually to the Mixed Committee on the way in which their administrative authorities and their courts have applied and interpreted the provisions referred to in Article 2, as interpreted by the Court of Justice, as the case may be.
2. If the Mixed Committee, within two months after a substantial difference in the case law of the Court of Justice and the courts of Iceland or Norway or a substantial difference in application between the authorities of the Member States concerned and those of Iceland or Norway in respect of the provisions referred to in Article 2 has been brought before it, has not been able to ensure the preservation of a uniform application and interpretation, the procedure in Article 11 shall apply.

Article 11

1. In the case of a dispute about the application of this Agreement or in a case where the situation provided for in Article 10(2) occurs, the matter shall be officially entered as a matter of dispute on the agenda of the Mixed Committee at ministerial level.
2. The Mixed Committee shall have ninety days from the date of the adoption of the agenda on which the dispute has been entered within which to settle the dispute.
3. In a case where the dispute cannot be settled by the Mixed Committee within the period of ninety days envisaged in paragraph 2, a further period of thirty days shall be observed for reaching a final settlement.

If no final settlement is reached, this Agreement shall be considered as terminated with respect to Iceland or Norway, depending on which State the dispute concerns. Such termination shall take effect six months after the expiry of the thirty day period.

Article 12

1. As far as administrative costs involved in the application of this Agreement are concerned, Iceland and Norway shall contribute to the general budget of the European Communities an annual sum of:
 - for Iceland 0,1%
 - for Norway 4,995%
 of an amount of 300 000 000 BEF (or an equivalent amount in euro) subject to annual adjustment in view of the rate of inflation within the European Union.

In cases where operational costs involved in

ríki greiði rekstrarkostnað við beitingu samningsins beint, en leggi ekki til fjárlaga Evrópubandalaganna vegna hans, skal hlutur Íslands og Noregs í kostnaðinum vera í samræmi við hundraðshluta vergrar þjóðarframleiðslu þessara landa af vergri þjóðarframleiðslu allra þátttökuríkjanna.

Ef rekstrarkostnaður er greiddur með framlagi til fjárlaga Evrópubandalagsins skal hlutur Íslands og Noregs í honum greiðast með árlegum framlögum inn á téð fjárlög í samræmi við hundraðshluta vergrar þjóðarframleiðslu þessara landa af vergri þjóðarframleiðslu allra þátttökuríkjanna.

2. Ísland og Noregur skulu eiga rétt á að fá afhent skjöl sem framkvæmdastjórnin eða ráðið láta gera í tengslum við þennan samning og fá túlkun á fundum samsettu nefndarinnar á opinbert tungumál stofnana Evrópubandalaganna að eigin vali. Ísland eða Noregur skal þó bera kostnað við þýðingu og túlkun úr og á íslensku eða norsku, eftir því sem við á.

13. gr.

1. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða aðra samninga sem Evrópubandalagið og Ísland og/eða Noregur hafa gert með sér.
2. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samninga sem gerðir verða milli Íslands og/eða Noregs og Evrópubandalagsins eða á grundvelli 24. og 38. greinar sáttmálans um Evrópusambandið.
3. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samstarfið innan ramma Norræna vegabréfasambandsins, að því marki sem samstarfið er ekki andstætt eða til fyrirstöðu þessum samningi og þeim gerðum og ráðstöfunum sem byggjast á honum.

14. gr.

Samningur þessi tekur ekki til Svalbarða (Spitzbergen).

15. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi þegar liðinn er einn mánuður frá þeim degi er vörsluðili hans, sem er framkvæmdastjóri ráðsins, hefur sannreynt að samningsaðilar fullnægja öllum formlegum skilyrðum fyrir því að þeir lýsi

the application of this Agreement are not attributed to the general budget of the European Communities, but are directly incumbent upon the participating Member States, Iceland and Norway shall contribute to these costs in accordance with the percentage of the gross national product of their countries in relation to the gross national product of all participating States.

In cases where operational costs are attributed to the general budget of the European Community, Iceland and Norway shall share in these costs by contributing to the said budget an annual sum in accordance with the percentage of the gross national product of their countries in relation with the gross national product of all participating States.

2. Iceland and Norway shall have the right to receive documents drawn up by the Commission or within the Council pertaining to this Agreement and, at meetings of the Mixed Committee, to request interpretation into an official language of the institutions of the European Communities of their choice. However, any costs of translation or interpretation into or from Icelandic or Norwegian shall be borne by Iceland or Norway, as the case may be.

Article 13

1. This Agreement shall not affect in any way the Agreement on the European Economic Area or any other agreement concluded between the European Community and Iceland and/or Norway.
2. This Agreement shall not affect in any way any future agreements to be concluded with Iceland and/or Norway by the European Community, or on the basis of Articles 24 and 38 of the Treaty on European Union.
3. This Agreement shall not affect the co-operation in the framework of the Nordic passport Union, to the extent that such co-operation is not contrary to and does not hinder this Agreement and the acts and measures based on this Agreement.

Article 14

This Agreement does not apply to Svalbard (Spitzbergen).

Article 15

1. This Agreement shall enter into force one month following the day on which the Secretary General of the Council, who shall act as its depositary, has established that all formal requirements concerning the expression of

sig, sjálfir eða aðrir fyrir þeirra hönd, samþykka því að vera bundnir af honum.

2. Ákvæðum 1., 3., 4. og 5. gr. og fyrsta málslíðar a-liðar 2. mgr. 8. gr. skal beitt til bráðabirgða frá undirritun þessa samnings.
3. Að því er varðar gerðir eða ráðstafanir sem eru samþykktar eftir undirritun þessa samnings en fyrir gildistöku hans skal þrjátíu daga tímabilið, sem um getur í síðasta málslíð a-liðar 2. mgr. 8. gr., hefjast á þeim degi sem þessi samningur öðlast gildi.
4. Ákvæðin, sem um getur í viðauka A og viðauka B, og ákvæði sem þegar hafa verið samþykkt skv. 3. mgr. 2. gr., skulu koma til framkvæmda gagnvart Íslandi og Noregi á þeim degi sem ráðið ákveður með samhljóða samþykki fulltrúa þeirra aðildarríkja sem taka þátt í hinu nánara samstarfi á grundvelli Schengen-bókunarinnar, að höfðu samráði við samsettu nefndina í samræmi við 4. gr. þessa samnings og þegar það hefur gengið úr skugga um að Ísland og Noregur hafi fullnægt skilyrðum fyrir framkvæmd viðkomandi ákvæða og að eftirlit á ytri landamærum þeirra sé skilvirkt.
5. Við það að ákvæðin, sem um getur í 4. mgr., koma til framkvæmda skapast réttindi og skyldur milli Íslands og Noregs svo og milli Íslands og Noregs annars vegar og Evrópu-bandalagsins og þeirra aðildarríkja þess, þar sem þessi ákvæði eru einnig komin til framkvæmda, hins vegar.

16. gr.

Ísland eða Noregur geta sagt samningi þessum upp og unnt er að segja honum upp með ákvörðun ráðsins með samhljóða samþykki fulltrúa þeirra aðildarríkja sem taka þátt í hinu nánara samstarfi á grundvelli Schengen-bókunarinnar. Tilkynna ber um uppsögnina til vörsluaðila. Hún öðlast gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá því að tilkynningin berst.

17. gr.

Segi Ísland eða Noregur þessum samningi upp eða verði honum slitið gagnvart Íslandi eða Noregi skulu þeir samningsaðilar, sem eru áfram bundnir af honum, og viðkomandi ríki, sem hefur sagt samningnum upp eða samningsslitin eiga við um, semja um lyktir málsins. Reynist ekki unnt að ná samkomulagi skal ráðið taka ákvörðun, að höfðu samráði við þann þátttökuaðila að

the consent by or on behalf of the Parties to this Agreement to be bound to it have been fulfilled.

2. Articles 1, 3, 4, 5 and 8(2)(a), first sentence shall apply provisionally as from the time of signature of this Agreement.
3. With respect to acts or measures adopted after the signature of this Agreement but before its entry into force, the period of thirty days referred to in Article 8(2)(a), last sentence shall start to run from the day of entry into force of this Agreement.
4. The provisions referred to in Annex A and Annex B, as well as those already adopted pursuant to Article 2(3), shall be put into effect for Iceland and Norway on a date to be fixed by the Council acting by unanimity of its Members representing the Member States which participate in the closer cooperation authorised by the Schengen Protocol, after consultations in the Mixed Committee in accordance with Article 4 of this Agreement, having satisfied itself that the preconditions for the implementation of the relevant provisions have been fulfilled by Iceland and Norway and that controls at their external borders are effective.
5. The putting into effect of the provisions referred to in paragraph 4 shall create rights and obligations between Iceland and Norway, and between Iceland and Norway on the one hand, and the European Community and those of its Member States in respect of which those provisions have also been put into effect, on the other hand.

Article 16

This Agreement may be denounced by Iceland or by Norway or by decision of the Council, acting by the unanimity of its members representing the Member States which participate in the closer cooperation authorised by the Schengen Protocol. Such denunciation shall be notified to the depositary. It shall take effect six months after notification.

Article 17

The consequences of denunciation of this Agreement by, or its termination with respect to, Iceland or Norway shall be the subject of an agreement between the remaining Parties and the Party which has denounced this Agreement or with respect to which the termination is to take effect. If no agreement can be reached, the Council shall decide after consultation of the

samningnum sem áfram er bundinn af samningnum, um nauðsynlegar ráðstafanir. Samningsaðilinn er þó einungis bundinn af slíkum ráðstöfunum hafi hann samþykkt þær.

18. gr.

Samningur þessi kemur í stað samstarfssamningsins milli konungsríkisins Belgíu, lýðveldisins Frakklands, sambandslýðveldisins Þýskalands, stórhertogadæmisins Lúxemborgar, konungsríkisins Hollands, lýðveldisins Ítalíu, konungsríkisins Spánu, lýðveldisins Portúgals, lýðveldisins Grikklands, lýðveldisins Austurríkis, konungsríkisins Danmerkur, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar, sem eru aðilar að Schengen-samkomulaginu og Schengen-samningnum, og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um afnám eftirlits með fólki á sameiginlegum landamærum sem var undirritaður í Lúxemborg 19. desember 1996.

Gjört í Brussel 18. maí 1999 í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, þýsku, íslensku og norsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður afhent til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu Evrópusambandsins.

remaining associated Contracting Party on the necessary measures. However, these measures shall be binding upon that Party only if they are accepted by it.

Article 18

This Agreement replaces the Cooperation Agreement between the Kingdom of Belgium, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Italian Republic, the Kingdom of Spain, the Portuguese Republic, the Hellenic Republic, the Republic of Austria, the Kingdom of Denmark, the Republic of Finland, the Kingdom of Sweden, Contracting Parties to the Schengen Agreement and the Schengen Convention, and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway on the abolition of controls on persons at their common borders, signed in Luxembourg on 19 December 1996.

Done at Brussels on 18 May 1999 in a single original, in the Danish, Dutch, English, Finnish, French, German, Greek, Irish, Italian, Portuguese, Spanish, Swedish, Icelandic and Norwegian languages, each text being equally authentic, such original remaining deposited in the archives of the General Secretariat of the European Union.

AUGLÝSING

um samning sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gera með sér um að koma á réttindum og skyldum milli Írlands og Stóra-Bretlands og Norður-Írlands annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar á þeim sviðum Schengen-gerðanna sem taka til þessara ríkja.

Hinn 26. maí 2000 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um að koma á réttindum og skyldum milli Írlands og hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands annars vegar og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs hins vegar á þeim sviðum Schengen-gerðanna sem taka til þessara ríkja sem gerður var í Brussel 30. júní 1999. Samningurinn öðlaðist gildi 26. júní 2000.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 28. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.